

# Íþrótt og tómstundaskólinn 2016

Heil og sæl

Þá er komið að skráningu í íþrótt og tómstundaskólann fyrir haustið 2016. Þessa pappíra sem fylgja hér með í viðhengi þurfið þið að fylla út og senda mér til baka rafrænt á [sigggadora@umsb.is](mailto:siggadora@umsb.is). En taflan mun taka gildi í næstu viku, það er mánudaginn 29.ágúst 2016. Tilgreint er fyrir neðan í útskýringum ef námskeið byrjar seinna.

Borgarbyggð sér um að innheimta en það er gert mánaðarlega. Viljum við biðja ykkur að muna að skrá það á eyðublaðið ef þið eigið börn hjá dagmömmu eða leikskóla því systkinaafsláttur gildir á milli stofnana.

Ef þið ætlið að skrá börnin úr einhverju innan íþrótt og tómstundaskólans þarf það að gerast fyrir tuttugasta í hverjum mánuði og tekur það gildi mánaðarmótin á eftir.

Ef þið ætlið ykkur að skrá börnin bara á íþróttæfingur er það gert í hjá okkur með því að fylla út sömu pappíra, þetta gildir fyrir alla í 1.-4.bekk. Minnum á það að börnum er velkomið að sækja námskeið hvar sem er í bæjarfélaginu.

Þið fáið í hendurnar stundartöflu á hverjum stað fyrir sig svo ef þið viljið skrá á námskeið þá merkið þið X fyrir aftan námskeiðið á töflunum og þá er barnið skráð þegar þið hafið endursent pappírana á rafrænu formi.

Viljum biðja ykkur að fylla þessa pappíra fljótt út og senda til baka svo hægt sé að byrja í næstu viku á þeim námskeiðum sem barnið kys að fara á.

## Borgarnes:

- Erla jógakennari ætlar að halda áfram að bjóða upp á jóga fyrir þennan aldurshóp, sem er frábær viðbót við þetta flotta úrval sem stendur til boða fyrir krakkana.
- Dansíþróttafélag Borgarfjarðar bíður upp á alls konar dans þessa önnina en hann Daði Freyr ætlar að koma í Borgarnes og hitta krakkana 1X í viku.
- Tónlistarskóli Borgarfjarðar er með hóptíma í tónlist fyrir krakkana til að kynnast hinum ýmsu hljóðfærum, spila, syngja og hafa gaman.
- Íþróttafélögin sjá um sínar æfingar og er hægt að sjá á heimasíðu þeirra [www.skallagrimur.is](http://www.skallagrimur.is) og facebook síðu deildanna hverjir eru þjálfarar hvers flokks fyrir sig.

## Hvanneyri:

- Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar verður með æfingar 1x í viku, mæting við íþróttahúsið á Hvanneyri en æfingar hefjast **mánudaginn 5.september**.
- Dansíþróttafélag Borgarfjarðar bíður upp á alls konar dans þessa önnina en hann Daði Freyr ætlar að koma á Hvanneyri og hitta krakkana 1X í viku.
- Knattspyrnudeild Skallagríms ætlar að vera með fótboltaæfingu 1x í viku en þjálfarar eru Marvin og Einar undir handleiðslu Hrannars framkvæmdarstjóra knattspyrnudeildar Skallagríms. Mæting á fótboltavöllinn fyrir utan grunnskólann.
- Tónlistarskóli Borgarfjarðar er með hóptíma í tónlist fyrir krakkana til að kynnast hinum ýmsu hljóðfærum, spila, syngja og hafa gaman.

- Margrét Ástrós jógakennari ætlar að halda áfram að bjóða upp á jóga fyrir þennan aldurshóp, sem er frábær viðbót við þetta flotta úrval sem stendur til boða fyrir krakkana. Í boði er 5 vikna námskeið sem hefst **þriðjudaginn 6.september**.
- 

#### Varmaland:

- UMF. Stafholtstungna verða með íþróttaskóla fyrir krakka í 1.-4. bekk, skráning fer í gegnum ungmennafélagið.
- Tónlistarskóli Borgarfjarðar er með hóptíma í tónlist fyrir krakkana til að kynnst hinum ýmsu hljóðfærum, spila, syngja og hafa gaman. Námskeiðið fellur niður ef það er lítil þátttaka.

#### Kleppjárnsreykir:

- UMF.Reykðæla bjóða upp á sund, körfubolta og fótbolta fyrir 1.-4. bekk, vinsamlegast skráið börnin í gegnum nóra ef þið viljið skrá þau á námskeið á vegum ungmennafélagsins.
- Tónlistarskóli Borgarfjarðar er með hóptíma í tónlist fyrir krakkana til að kynnst hinum ýmsu hljóðfærum, spila, syngja og hafa gaman. Námskeiðið fellur niður ef það er lítil þátttaka.

Endilega hafið samband ef þið hafið einhverjar spurningar.

Tölvupóstur: [siggadora@umsb.is](mailto:siggadora@umsb.is)

Símanúmer: 869-8646

Kær kveðja

Sigga Dóra, tómstundafulltrúi UMSB.